

Nd.

353. Breytingartillögur

[156. mál]

við frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
 - a) Í stað „Fella skal niður“ komi: Eigi skal innheimta.
 - b) Í stað „jarðhitaborana“ komi: orkurannsóknarborana og borana til vinnslu jarðvarma.
2. Við 2. gr. Í stað „jarðfræðilegum yfirborðsrannsóknnum“ komi: jarðvísindalegum forrannsóknnum.
3. Við 3. gr.
 - a) Í stað „Þegar“ í 2. mgr. komi: Áður en.
 - b) 3. mgr. orðist svo:

Ef tiltekin borun, sem lánað hefur verið til skv. 4. tl. 2. mgr. 71. gr., reynist árangurslaus eða árangur til muna lakari en gert var ráð fyrir skv. áætlunum sérfræðinga, kostnaður óeðlilega hár og ávinningur af notkun borholunnar til vinnslu jarðvarma því minni en upphaflega var gert ráð fyrir og fjárhagslegri afkomu lántaka stefnt í hættu af þessum sökum, er ráðherra heimilt, að fenginni tillögu Orkuráðs, að fella niður að hluta eða öllu leyti endurgreiðsluskyldu lántaka, skv. 4. tl. 2. mgr. 71. gr.